

AUGLÝSING um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Ægissíða 7, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 14. mars 2018, tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðarlóðina Ægissíðu 7. Í skipulagsferli hét lóðin Ægissíða 1, lóð 4. Tillagan tekur til byggingar á allt að 150 m² íbúðarhúsi ásamt gestahúsi allt að 50 m². Aðkoman er frá Árbæjarvegi og er kvöð um að hún verði sameiginleg með lóð nr. 3.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 25. apríl 2018.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 14. maí 2018